

**Ed.**

**629. Nefndarálit**

**[270. mál]**

um frv. til laga um aðstoð við þroskahefta.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og jafnframt haft til meðferðar frumvarp til laga um Framkvæmdasjóð öryrkja, 22. mál frá Nd. Taldi nefndin útilokað að samþykkja þessi tvö frumvörp sitt í hvoru lagi vegna stjórnunarlegs misræmis sem þá kæmi fram og gerir því tillögu um samræmingu sem fram kemur í breytingartillögum er nefndin flytur á sérstöku þingskjali. Eru bæði frumvörpin þannig afgreidd frá nefndinni.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða styðja breytingartillögur er fram kunna að koma við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. maí 1979.

Ólafur Ragnar Grímsson,  
form.

Bragi Sigurjónsson,  
fundaskr.

Alexander Stefánsson,  
frsm.

Ágúst Einarsson.

Guðm. Karlsson.

Þorv. Garðar Kristjánsson.

Soffía Guðmundsdóttir.